

**Félag eldri borgara í  
Reykjavík og nágrenni**

**Ársreikningur  
2020**

Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni  
Stangarhyl 4  
110 Reykjavík  
kt. 490486-3999

# Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni

## Ársreikningur 2020

### Efnisyfirlit

Áritun óháðra endurskoðenda	2-3
Áritun kjörinna skoðunarmanna	4
Skýrsla stjórnar	5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9-12

# Áritun óháðra endurskoðenda

## Til stjórnar og félaga í Félagi eldri borgara í Reykjavík og nágrenni

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2020, efnahag þess 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur fyrir áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Félagi eldri borgara í Reykjavík og nágrenni í samræmi við alþjóðlegar síðareglur og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu stjórnar og stjórháttaryfirlýsingu.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar. Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

# Áritun óháðra endurskoðenda

## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glöggja mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Reykjavík, 21/4 2021

**Deloitte ehf.**

Birna María Sigurðardóttir  
Birna María Sigurðardóttir  
endurskoðandi

Heiðar Þór Karlsson  
Heiðar Þór Karlsson  
endurskoðandi

# Áritun kjörinna skoðunarmanna

## Til stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni

Við undirritaðir félagslega kjörnir skoðunarmenn reikninga Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, höfum yfirfarið ársreikning félagsins fyrir árið 2020.

Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur.

Það er sameiginlegt álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu og efnahag Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, fyrir árið 2020, og leggjum við til að hann sé samþykktur.

Reykjavík, 12/4 2021

Olafur Gránsz  
Guðrún Þuradís Þórisdóttir

## Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni fyrir árið 2020 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Hlutverk félagsins er að gæta hagsmuna eldri borgara í Reykjavík og nágrenni í hvívetna.

Um starfsemi á árinu:

Tap félagsins á árinu samkvæmt rekstrarreikningi nam.....	(3.780.769)
Eignir félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi námu.....	91.977.966
Bókfært eigið fé í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam.....	42.547.169
Eiginfjárlutfall félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam.....	46,3%

Mjög óvenjulegar aðstæður hafa nú skapast vegna Kórónuveirunnar Covid-19. Veruleg óvissa var um hvaða áhrif þessi staða myndi hafa á félagið í upphafi árs 2020, en þegar leið á árið kom í ljós að aðeins hafi verið um óveruleg áhrif að ræða. Félagið nýtti sér þar með ekki úrræði vegna frestunar fasteignagjalda eða úrræði viðskiptabanka. Það er mat stjórnenda félagsins að ekki sé vafi um rekstarhæfi þess, vegna Covid-19 áhrifa.

Stjórn félagsins leggur til að tap ársins verði yfirfærður til næsta árs, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Að álíti stjórnar og framkvæmdastjóra Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok,

Stjórm og framkvæmdastjóri Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni staðfestir hér með ársreikning félagsins með undirritun sinni.

Reykjavík, 8/4 2021

Í stjórn

stjórnarformaður

Ingibjörg A. Snorradóttir  
Sigrún Björð Gúladóttir  
~~Elisabeth Þórunn Jónsdóttir~~  
Ólafur Ólafsson


Konfjínan

Ingibjörg Óskarsdóttir  
Timur Birgisson  
Framkvæmdastjóri

Dirkur Guðjónsdóttir

# Rekstrarreikningur ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
<b>Rekstrartekjur</b>			
Félagsgjöld .....		54.005.600	55.415.100
Tekjur af félagsstarfsemi .....		13.243.805	36.379.210
Tekjur af byggingarframkvæmdum .....		72.038.933	3.853.967.321
Aðrar tekjur .....		15.269.013	10.803.668
		<hr/> 154.557.351	<hr/> 3.956.565.299
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og annar starfsmannakostnaður .....	5	(33.255.403)	(25.510.770)
Kostnaður við félagsstarfsemi .....		(8.278.351)	(32.971.267)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		(23.690.746)	(17.197.272)
Kostnaðarverð byggingaframkvæmda .....		(73.163.640)	(3.853.967.321)
Annar rekstrarkostnaður .....		(16.744.242)	(19.112.991)
Afskriftir fastafjármuna .....	7	(550.000)	(550.000)
		<hr/> (155.682.382)	<hr/> (3.949.309.621)
<b>(Rekstrartap), rekstrarhagnaður</b>		(1.125.031)	7.255.678
Fjármunatekjur .....		952.136	999.275
Fjármagnsgjöld .....		(3.607.874)	(2.516.607)
	<hr/> 6	<hr/> (2.655.738)	<hr/> (1.517.332)
<b>(Tap), hagnaður ársins</b>		<hr/> (3.780.769)	<hr/> 5.738.346



  
 Þ.F.S.  
 0.0.7

# Efnahagsreikningur 31. desember 2020

<b>Eignir</b>	<b>Skýr.</b>	<b>31.12.2020</b>	<b>31.12.2019</b>
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	7	46.200.000	46.750.000
		<u>46.200.000</u>	<u>46.750.000</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Verkbirgðir .....	8	0	50.380.209
Viðskiptakröfur .....		11.808.496	367.251.407
Aðrar skammtímakröfur .....		0	6.555.655
Handbært fé .....		33.969.470	97.126.193
		<u>45.777.966</u>	<u>521.313.464</u>
<b>Eignir</b>		<u>91.977.966</u>	<u>568.063.464</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	9		
Óráðstafað eigið fé .....		42.547.169	46.327.938
		<u>42.547.169</u>	<u>46.327.938</u>
<b>Eigið fé</b>			
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>			
Skuldir við lánastofnanir .....	10	34.140.282	34.931.892
		<u>34.140.282</u>	<u>34.931.892</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....		9.030.381	309.241.093
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	10	1.863.733	176.874.058
Aðrar skammtímaskuldir .....		4.396.401	688.483
		<u>15.290.515</u>	<u>486.803.634</u>
<b>Skuldir</b>		<u>49.430.797</u>	<u>521.735.526</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>91.977.966</u>	<u>568.063.464</u>

0,115  
0,00256  
0,002  
VE  
T3. D1  
T3. T3.

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
(Rekstrartap), rekstrarhagnaður .....	(1.125.031)	7.255.679	
Afskriftir .....	550.000	550.000	
Veltufé (til), frá rekstri án vaxta og skatta	(575.031)	7.805.679	
Aðrar rekstrartengdar eignir, (hækkun) .....	(495.142)	(480.760)	
Rekstrartengdar skuldir, hækkun .....	1.939.016	7.005.744	
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	868.843	14.330.663	
Innborgaðir vextir og arður .....	952.136	999.275	
Greiddir vextir .....	(1.447.327)	(1.423.758)	
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>373.652</b>	<b>13.906.180</b>	
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Breyting verkbirgða .....	50.380.209	2.230.336.065	
Viðskiptaskuld/kröfur vegna framkvæmda .....	62.788.444	(74.031.702)	
	<b>113.168.653</b>	<b>2.156.304.363</b>	
<b>Fjármögnumnarhreyfingar</b>			
Afborganir langtímaskulda .....	(176.699.028)	(3.371.634.939)	
Nýjar langtímaskuldir .....	0	1.264.440.871	
(Lækkun), hækkun handbærs fjár .....	<b>(176.699.028)</b>	<b>(2.107.194.068)</b>	
Handbært fé í upphafi árs .....	(63.156.723)	63.016.475	
Handbært fé í lok árs .....	97.126.193	34.109.718	
	<b>33.969.470</b>	<b>97.126.193</b>	

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni er langstærsta félagið innan Landssambands eldri borgara með um 13.000 félagsmenn. Félagið var stofnað 15. mars 1986. Hlutverk þess er að gæta hagsmuna eldri borgara í hvívetna. Rétt til að verða félagsmenn eiga þeir sem hafa náð 60 ára aldri og einnig makar þeirra þótt þeir séu yngri. Aðsetur félagsins er að Stangarhyl 4, 110 Reykjavík.

## 2. Leigusamningar

Þann 1. janúar 2019 tók nýr alþjóðlegur reikningsskilastaðall, IFRS 16 Leigusamningar, gildi. Samkvæmt reglu reikningsskilaráðs verður öllum félögum og samstæðum sem beita ársreikningalögum við gerð reikningsskila heimilt að velja á milli þess að halda reikningsskilareglum fyrir leigusamninga óbreyttum eða beita reikningsskilaðferðum í samræmi við IFRS 16. Þessi heimild er óháð stærð félaga og samstæða. Stjórnendur félagsins hafa ákveðið að halda reikningsskilaðferðum fyrir leigusamninga óbreyttum í þessum ársreikningi, og innleiða þar með ekki kröfur IFRS 16 í reikningsskil sín.

## 3. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugaldmiðill félagsins.

## 4. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

## 5. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2020	2019
Laun .....	26.281.310	20.730.149
Lífeyrissjóður .....	3.791.923	2.655.756
Önnur launatengd gjöld .....	2.296.052	1.755.019
Annar starfsmannakostnaður .....	886.118	369.846
	<hr/> 33.255.403	<hr/> 25.510.770
Meðalfjöldi stöðugilda .....	3,0	3,0

# Skýringar

## 6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2020	2019
Vaxtatekjur af bankainnstæðum .....	952.136	999.275
Vaxtatekjur af viðskiptakröfum .....	0	0
	<u>952.136</u>	<u>999.275</u>

Fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtagjöld, verðbætur af langtímaskuldum og fjármagnstekjusk. .....	(3.514.972)	(2.511.099)
Dráttarvaxtagjöld .....	(92.902)	(5.508)
	<u>(3.607.874)</u>	<u>(2.516.607)</u>

## 7. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteignir	
<b>Kostnaðarverð</b>		
Staða í ársbyrjun .....	55.000.000	
Staða í árslok .....	55.000.000	
<b>Afskriftir</b>		
Staða í ársbyrjun .....	8.250.000	
Afskrift ársins .....	550.000	
Staða í árslok .....	8.800.000	
<b>Bókfært verð</b>		
Bókfært verð í ársbyrjun .....	46.750.000	
Bókfært verð í árslok .....	46.200.000	
Afskriftarhlutföll .....	1%	
Fasteignamat og brunabótamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:	Fasteignamat	
	Brunabótamat	
Stangarhylur 4, 223-6182 .....	105.150.000	158.200.000

## 8. Verkbirgðir

	31.12.2020	31.12.2019
Árskógar, fasteign til sölu .....	0	50.380.209
	<u>0</u>	<u>50.380.209</u>

## 9. Óráðstafað eigið fé

	Óráðstafað eigið fé
Óráðstafað eigið fé 1.1.2020 .....	46.327.938
Tap ársins .....	(3.780.769)
Eigið fé 31.12.2020 .....	<u>42.547.169</u>

# Skýringar

## 10. Langtímaskuldir

	Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2020	31.12.2019
Skuldir í íslenskum krónum vegna félagastarfsemi .....	36.004.015	36.517.703
Skuldir í íslenskum krónum vegna byggingarstarfsemi .....	0	175.157.824
	36.004.015	211.675.527
Næsta árs afborg. langtímask. ....	(1.863.733)	(176.743.635)
Langtímaskuldir í árslok .....	<u>34.140.282</u>	<u>34.931.892</u>

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2020	31.12.2019
Næsta árs afborganir .....	1.863.733	176.743.635
Afborganir 2022/2021 .....	1.949.286	1.793.967
Afborganir 2023/2022 .....	2.038.764	1.876.316
Afborganir 2024/2023 .....	2.132.348	1.962.444
Afborganir síðar .....	28.019.884	29.299.165
	36.004.015	211.675.527

Félagið hefur veðsett fasteign félagsins til tryggingar á skilvísri og skaðlausri greiðslu á skuldum sínum.

## 11. Ábyrgðir og önnur mál

Einn bankareikningur félags er bundinn, en sá reikningur sem bundinn vegna ferðaskrifstofuleyfis. Innstæða nemur 13.4 m.kr.

Stjórnendur hafa metið áhrif COVID-19 faraldursins á rekstur og reikningsskil félagsins sem óveruleg. Vegna eðlis starfseminnar hefur faraldurinn ekki haft teljandi áhrif á tekjur og afkomu félagsins eða getu þess til að standa við fjárhagslegar skuldbindingar sínar. Félagið hefur ekki nýtt sér nein þeirra úrræða sem stjórnvöld hafa boðið til að mæta áhrifum COVID-19.

## 12. Reikningsskilaaðferðir

### Skráning tekná

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar yfirráð yfir seldri vöru flytjast yfir til kaupanda, sem er almennt við afhendingu vöru. Þjónustutekjur eru eftir atvikum færðar á þeim tímapunkti þegar þjónustan hefur verið innt af hendi, eða samhliða því sem þjónustan er veitt. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta. Tekjur, sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur. Tekjur, sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess, eru færðar til eignar í efnahagsreikningi.

Tekjur vegna félagsgjalda eru færðar á því tímabili sem félagsgjöld eru greidd.

Tekjur af eigin byggingarframkvæmdum eru innleystar eftir áfangaaðferð.

# Skýringar

## 12. Reikningsskilaðferðir, framhald

### Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til nema sá fjármagnskostnaður sem tilheyrir byggingarframkvæmdum íbúðarhúsnæðis.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félagini og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft

Varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir línulega á áætluðum nýtingartíma þeirra, að teknu tilliti til vænts hrakvirðis.

### Verkbirgðir

Framkvæmdakostnaður og fjármagnskostnaður umfram gjaldfærslu er eignfærður sem verkbirgðir meðal veltufjármuna.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og bankainnstæðum.

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum afborgunum af höfuðstól og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.